HRÚTASKRÁ
2009 - 2010

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

ÞJÓNUSTUVER KAUPÞINGS **444 7000**

Hjá þjónustuveri Kaupþings getur þú:

- Sinnt allri almennri bankaþjónustu
- Fengið stöðu á reikningum
- Fengið aðstoð við notkun á Netbanka Kaupþings
- Fengið hækkun/lækkun á heimild
- Greitt innheimtukröfur og afborganir skuldabréfa
- Dreift greiðslum á kreditkortareikningum

Þjónustuverið er opið frá kl. 09.00–18.00 alla virka daga, laugardaga er opið frá kl. 11.00–16.00.

NÝI KAUPÞING BANKI

Sæðispantanir

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Í netfangið saudir@simnet.is daginn fyrir sæðingu
eða í síma 482 1920 fyrir kl. 9 f.h. samdægurs.

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Í netfangið bv@bondi.is
eða í síma 437 1215 fyrir kl. 14 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Pantið tímanlega!

Formáli

Senn líður að fengitíð og eins og undangengin ár er útgáfa hrútaskráarinnar einn fyrirboða þess. Skráin er nú gefin sameiginlega út af báðum sauðfjársæðingastöðvunum í ellefta sinn og segja má að vinsældir hennar vaxi með hverju árinu sem líður. Skráin er enda gott uppflettirit langt fram eftir vetri ár hvert auk þess að vera góður stuðningur við líflambaval að hausti.

Endurnýjun á hrútakosti stöðvanna er eins og oft áður mikil milli ára. Á sama hátt styrkist valið með hverju árinu sem líður auk þess sem reynt er að sinna sérstökum eiginleikum íslenska sauðfjárins og má þar nefna forystufé sérstaklega. Í vetur er að finna í hrútakosti stöðvanna góða valkosti hvað kjöt- og ullargæði varðar auk þess sem á stöðvunum eru nú fleiri mislitir og arfblendnir hrútar gagnvart lit en oftast áður. Þá er reynt að uppfylla sérþarfir með framboði á ferhyrndum hrút auk þess sem forystuhrútar eru í boði eins verið hefur um langt árabil. Auk þessa er nú í fyrsta skipti kominn kollóttur hrútur á stöð sem ber með sér erfðavísi fyrir ofurfrjósemi eða Þokugenið.

Hrútaskráin er að mestu óbreytt frá fyrra ári hvað framsetningu efnis varðar en þó birtum við nú á nýjan leik lambs- og veturgamla einstaklingsdóma hrútanna.

Niðurstöður eru settar fram á töfluformi eftir því sem kostur er og í miðopnu skráarinnar er að finna samantekt úr lambhrútaskoðun 2009 og kynbótamat fyrir þá hrúta sem verða í notkun í vetur. Eins eru birtar förgunarástæður þeirra hrúta sem fallnir eru frá síðasta ári.

Margir hafa komið að útgáfu þessa rits. Lýsingar hrúta í skránni hafa Guðmundur Jóhannesson, Jón Viðar Jónmundsson og Lárus G. Birgisson samið. Ullarlýsingar eru unnar af Emmu Eyþórsdóttur. Myndir af hrútunum tóku þau Anton Torfi Bergsson, Björg María Þórsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Guðmundur Jóhannesson, Halla Eygló Sveinsdóttir, Lárus G.Birgisson, Pétur Halldórsson og Sveinn Sigurmundsson. Sem fyrr er gagnaöflun fyrir hrútakost stöðvanna að mestu unnin af Jóni Viðari Jónmundssyni þó einnig hafi fleiri komið þar að. Auglýsingasöfnun var í höndum Guðmundar Jóhannessonar, Helgu Halldórsdóttur og Ólafs G. Vagnssonar. Þessum aðilum er öllum þakkað gott og óeigingjarnt starf.

Hrútaskrár stöðvanna er einnig að finna á heimasíðum Búnaðarsambands Suðurlands, www.bssl.is, Búnaðarsamtaka Vesturlands, www.buvest.is og Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is, svo sem verið hefur. Þar er að finna sambærilegar upplýsingar og í þessu riti.

Það er von útgefenda að skráin verði sauðfjárræktendum og öðrum áhugamönnum um sauðfjárrækt til gagns og gamans auk þess að auðvelda hrútaval vetrarins.

Guðmundur Jóhannesson, ritstjóri

fodur.is

— fóður, áburður og smávörur í úrvali

- *Nautgripafóður*
- *Kúafóður*
- *Sauðfjárfóður*
- *Hestafóður*
- *Svínafóður*
- *Fuglafóður*

- *Einkorna áburður*
- *Fjölkorna áburður*
- *Girðingarefni*
- *Rúlluplast*
- *Fræ*

Forsíðumynd: Litli gimbill lambið mitt....
Ljósm. © Halla Eygló Sveinsdóttir

ISSN 1608-084X
Prentmet Suðurlands ehf., nóv. 2009.

Jón Viðar Jónmundsson

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2009

Augljóst er að tekist hefur að bæta val á hrútum fyrir sæðingastöðvarnar á síðustu árum. Á því eru fleiri skýringar. Upplýsingaöflun í sauðfjárræktinni hefur aukist og batnað mikið á síðustu árum. Sérstakar afkvæmarannsóknir vegna stöðvanna sem leyfi fékkst fyrst til haustið 2000 hafa einnig reynst mjög vel. Reynslan sýnir að val hrúta sem koma úr slíkum rannsóknum er öruggara en annarra. Það starf lenti í vissri lægð haustið 2008 en var aftur eflt haustið 2009 og verður gefið yfirlit um það hér á eftir. Aldrei má slaka á kröfunni um að leitast sé við að á stöðvunum séu á hverjum tíma öflugustu kynbótahrútar landsins af þeim svæðum sem leyft er að sækja hrúta á stöðvarnar til. Þetta verður að vera markmiðið þó að ljóst sé að það náist aldrei að fullu.

Hyrndir hrútar

Á fjárræktarbúinu á Hesti voru fyrir fimm áratugum gerðar grunnrannsóknir um skipulag afkvæmarannsókna á sauðfé, líklega þær fyrstu í heiminum. Þessar rannsóknir hafa síðan orðið fastur liður í starfinu þar og burðarás í farmkvæmd ræktunarstarfsins í landinu. Að þessu sinni voru 13 hrútar sem áttu þar afkvæmahópa. Margir af þessum hrútum voru að skila mjög athyglisverðum niðurstöðum. Engir afkvæmahópar voru samt með afgerandi yfirburði um alla eiginleika líkt og stundum hefur verið, sérstaklega árin 2006 og 2007. Valdir voru á grundvelli niðurstaðnanna tveir hrútar á stöð, þeir Borði 08-838 og Hólmi 08-839 og vísast um niðurstöður til umfjöllunar um þá í skránni. Vafalítið eru þarna komnir tveir gripir sem erfa hina sterku kjötgæðaþætti hyrnda fjárins á Hesti.

Frá upphafi þessara rannsókna vegna stöðvanna hefur verið unnin stór rannsókn á svæðinu austan Jökulsár á Fjöllum þangað sem safnað hefur verið álitlegustu hrútum á svæðinu hverju sinni og fengist þaðan margir af öflugum kynbótahrútum stöðvanna síðasta áratug. Þessi rannsókn var að þessu sinni unnin sameiginlega í Holti og Laxárdal í Þistilfirði. Þangað voru fengnir fimm aðkomuhrútar, en auk þess var hópur heimahrúta. Bruni 06-154 átti þarna lambahóp sem uppfyllti þau skilyrði sem horft er til um gæði lambanna við val stöðvarhrúta. Hann er hins vegar sonur Papa 04-964, sem hefur reynst of slakur um mjólkurlagni dætra. Þess vegna þótti ekki vænlegt að Bruni yrði stöðvarhrútur fyrr en ljóst væri að hann væri verulegur föðurbetrungur um þennan eiginleika. Því kom enginn hrútur úr þessari rannsókn á stöðvarnar.

Á Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum hafa verið unnar mjög vandaðar afkvæmarannsóknir fyrir veturgömlu hrútana í þrjá áratugi sem hafa skilað þar þaulræktuðu fé og stöðvarnar hafa síðustu ár haft aðgang að þessari rannsókn og sótt þangað marga góða kynbótahrúta. Átta veturgamlir hrútar voru í rannsókninni og við skoðun og mælingar lifandi lamba voru hópar undan tveimur sonum Kveiks 05-965 afgerandi bestir en þegar lömbunum var slátrað kom fram verulegur munur í fitusöfnun hjá hópunum. Afbragðsniðurstöður um bæði lömbin lifandi og á blóðvelli fyrir Kjark 08-840 gerðu að hann var falaður á stöð.

Kollóttir hrútar

Nú er búið að sameina hólfin tvö í Strandasýslu norðan Bitrufjarðar þannig að mögulegt er nú að setja upp sameiginlega rannsókn fyrir allt Vestfjarðahólf eystra. Þetta var gert að þessu sinni með sameiginlegri rannsókn sem gerð var á báðum búunum á Heydalsá hjá þeim Guðjóni Sigurgeirssyni og Ragnari Bragasyni. Þarna komu til sameiginlegrar notkunar á báðum búunum sex aðkomuhrútar en auk þess var mikill fjöldi heimahrúta. Vegna feikilega mikillar sölu á líflömbum á báðum búunum var rannsóknin fyrst og fremst byggð á skoðun lifandi lamba þar sem aðeins mjög takmarkað úrtak lambanna endaði í sláturhúsi í haust. Þarna voru feikilega margir mjög glæsilegir afkvæmahópar og varð niðurstaðan sú að fala fimm hrúta fyrir stöðvarnar og er gerð frekari grein fyrir þeim í skránni. Úr sameiginlegu rannsókninni koma Bolli 06-821 frá Miðdalsgröf, Broddi 07-824 frá Broddanesi I og Logi 07-825 frá Melum 1 í Árneshreppi. Einnig koma af búi Ragnars þeir Neisti 06-822 og Blossi 07-823. Vísað er til umsagnar um þessa hrúta í skránni en þeir verða kjarninn í stofni kollóttu hrútanna á stöðvunum á komandi vetri.

Allar tölulegar upplýsingar úr þessum rannsóknum nema á Hesti um einstaka afkvæmahópa má finna á vef BÍ bondi@is. Þar eru einnig hliðstæðar niðurstöður frá fyrri árum flestar aðgengilegar.

Hrútaval fyrir stöðvarnar er einn áhrifamesti þáttur um framfarir í ræktunarstarfinu hér á landi. Þess vegna er ástæða til að það val sé vandað eins og nokkur kostur er. Þessar rannsóknir eru einn mikilvægasti þáttur þess að tryggja það.

SKÝRINGAR

Mál og stigun: Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

Ómmæling: (H) Hollenskt ómtæki eins og notað er á Suðurlandi. (S) Skoskt ómtæki – er notað t.d. á Vesturlandi og sýnir um 2mm minni vöðvaþykkt en það hollenska. Fyrir þessum mun er leiðrétt varðandi niðurstöður úr lambhrútaskoðunum en ekki við birtingu talna úr afkvæmasýningum heima á bæjum. Ómsjármælingar á hrútunum sjálfum eru óleiðréttar.

Ullarlýsingar: Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðingahrútanna og fylgir hún með lýsingu hrútanna.

Gerð: Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati einstakra hrúta eru umreiknaðar í vægistuðla fyrir gerð. Vaxtarlagsflokkunum er gefið eftirfarandi vægi; **E**=14, **U**=11, **R**=8, **O**=5 og **P**=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút.

Fita: Á sama hátt eru gefnir vægistuðlar fyrir fituflokkun sem eru eftirfarandi; **1**=2, **2**=5, **3**=8, **3**+=9, **4**=11, **5**=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra.

Kynbótamat (BLUP) fyrir kjötgæði (gerð og fitu): Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 1998-2008. Því hærra sem kynbótamatið er því betra. Meðaltal er 100. Þegar er rætt er um kynbótamat fyrir kjötgæði er átt við mat þar sem fitumatið vegur 60% en gerðarmatið 40%.

Kynbótamat (BLUP) fyrir frjósemi og mjólkurlagni: Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á afurðatölum frá 1990-2008. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðaár ánna og einkunn fyrir hvorn eiginleika reiknuð sem beint meðaltal matsins fyrir þessi fjögur aldursár. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar eins og fjöldatölur sýna þannig að matið er að verulegum hluta ætternismat í þeim tilvikum. Ljóst er að með þessu mati er fengið miklu öruggara mat á afurðaeiginleika ánna en áður hefur verið fyrir hendi.

Litaerfðir: Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir.

Arfgerðargreining v/riðusmits:

1. **Verndandi arfgerðir.** Mjög litlar eða litlar líkur á riðu.
2. **Hlutlaus arfgerð.** Einhver hætta á riðu. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
3. **Verndandi og áhættuarfgerð.** Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfir áhættuarfgerð.
4. **Áhættuarfgerðir.** Mikil eða mjög mikill hætta á riðu. Finnast marktækt oftar í riðufé en heilbrigðu fé eða aðallega í riðufé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því hvort foreldrar eru arfhreinir eða ekki.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort hlutlausir eða búa yfir verndandi arfgerðum.

Skráning og uppgjör sæðinga

Upplýsingar um árangur sauðfjársæðinganna hafa of lengi verið brotakenndar og skort þar heildaryfirlit. Á síðasta ári var því ákveðið að taka upp skráningu sæðinganna í FJARVIS.IS. Byrjaði þetta með skráningu sæðinganna frá í desember 2009. Þannig liggja nú í fyrsta sinn fyrir nokkuð heildstæðar upplýsingar um árangur sæðinganna í öllum héruðum landsins, sem síðan má flokka eftir hrútum, sæðingamönnum, gerð og uppruna sæðis (stöð) o.s.frv.

Frá og með þessu ári verður því gert ráð fyrir að öll skráning sæðinga fari fram strax að aflokinni sæðingu í þetta kerfi en færsla sæðingadagbóka heyri sögunni til, nema hjá þeim sem ekki hafa fengið skráningaraðgang að fjarvis.is. Sæðingarnar verða í raun færðar beint í þetta rafræna kerfi. Sú skýrslusöfnun sem áður var verið að leita eftir frá bændum með að færa árangur að vori á afrit sæðingadagbókanna verður þar með aflögð. Þær upplýsingar koma nú sjálfkrafa í skýrsluhaldi fjárræktarinnar í FJARVIS.IS. Þannig fást upplýsingar um árangur sæðingastarfseminnar beint á hverju ári. Á þennan hátt á að fást mun nákvæmara yfirlit um þessa starfsemi en verið hefur. Það á síðan að leiða til betri árangurs í sæðingunum á komandi árum, þegar veikustu hlekkirnir verða ljósari og beita má kröftunum að lagfæringum á þeim sviðum.

Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Afgreiðsla á fersku hrútasæði frá stöðinni hefst 1. desember og stendur samfellt til 21. desember. Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði í síma 480 1800, eða hjá Sveini Sigurmundssyni í síma 480 1801 og 894 7146. Fax er 480 1818. Vefsíða er www.bssl.is og þar má finna hrútaskrána. Pantanir gegnum síma þurfa að berast fyrir kl. 9 á morgnana í 482 1920. Sæðispantanir berist á netfangið saudir@simnet.is deginum áður. Pantanir utan Suðurlands þurfa að berast með góðum fyrirvara og æskilegt að þær fari í gegnum búnaðarsamböndin. Fyrir Austur-Skaftafellsýslu (ekki Öræfi eða Suðursveit) sér Grétar Þorkelsson um pantanir í síma 864 6487. Bændur eru hvattir til að vanda pantanir. Innheimt verður 70 % af pöntuðu sæði.

1. **Verð á sæði.** Sæðisskammturinn í eina á mun kosta kr 500,-. Magnafsláttur sem nemur 15% er veittur þegar fjárræktarfélögin (70 % nýting á pöntuðu sæði skilyrði) sjá um pantanir og skipulagningu heima fyrir og eða þegar 100 ær eða fleiri eru sæddar hjá einstökum bændum. Frosið sæði kostar 500 kr í eina á og er ekki um magnafslátt að ræða þar. Lágmarksafgreiðsla frá stöðinni er 1 strá eða sæði í 5 ær. Verð á sæðingu fyrir utan akstur gæti verið á bilinu 220 kr til 270 kr á kind.
   Flutningskostnaður verður tekinn sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Öll verð eru án vsk. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.
2. **Skráning á sæðingum.** Skrá skal allar sæðingar inn á fjárvís.is af viðkomandi bónda/ sæðingamanni, helst samdægurs eða sem allra fyrst. Vinsamlega sendið tölvupóst á sveinn@bssl.is um að skráningu sé lokið. Þeir sem nota áfram sæðingabækur og hafa ekki tök á að skrá sjálfir sendi þær inn í síðasta lagi fyrir áramót.
3. **Sæðingatæki.** Þegar fjárræktarfélög sjá um skipulag sæðinga mun Sauðfjársæðingastöðin útvega sæðingatæki endurgjaldslaust, að öðrum kosti verða þau leigð fyrir kr. 2500-. Stöðin útvegar og selur sæðingatæki til þeirra sem þess óska meðan birgðir endast.
   Svæðisskipting. Verður með sama hætti og síðustu ár. Lágsveitir verða fyrstu 4 dagana, Skaftárhreppur og hluti Rangárvallasýslu næstu 4 daga og að lokum uppsveitir Árnessýslu. Austur-Skaftafellsýsla miðast við rútuferðir.

A. Frá 9.-12. des. Mýrdalur, Eyjafjöll, Landeyjar, Hvolhreppur, Djúpárhreppur, Ásahreppur, og Flói.
B. Frá 13.-16. des. Skaftárhreppur, Fljótshlíð, Rangárvellir og Holta og Landsveit.
C. Frá 17.- 20. des. Uppsveitir Árnessýslu og vestan Ölfusár.
D. Austur-Skaftafellsýsla. 1. des. 4. des. 6. des. 8. des. og 13. des.

4. **Sæðinganámskeið.** Námskeið í sauðfjársæðingum verður haldið þann 2. desember að Stóra Ármóti og hefst kl. 13.00. Sjá frekar og skráning á endurmenntun@lbhi.is.

Á síðasta ári voru 13.045 ær sæddar með fersku sæði frá stöðinni hér á landi. Fryst sæði innanlands fór í 1.500 ær. Alls sæði í 14.545 ær. Þá voru 221 skammtar af frystu sæði sent til U.S.A .
Með góðri kveðju og von um ánægjuleg samskipti.

Sveinn Sigurmundsson

Efnisyfirlit

Formáli ..... bls. 1
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2
Skýringar 3
Skráning og uppgjör sæðinga 3
Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands 4
Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands 5
Númer hrúta og blaðsíðutöl 5
Hrútar (hyrndir) á Suðurlandi 6
Hrútar (kollóttir) á Suðurlandi 15
Lambhrútaskoðun og kynbótamat 2008, (tafla) 22
Fallnir hrútar 2007-2008, ástæður (tafla) 23
Hrútar (hyrndir) á Vesturlandi 25
Hrútar (kollóttir) á Vesturlandi 33
Sauðfjársæðingar 40

Kveðja til sauðfjárbænda NORÐLENSKA

Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands er starfrækt af Búnaðarsamtökum Vesturlands (BV). Útsending sæðis frá stöðinni mun byrja mánudaginn 30. nóvember og standa til mánudags 21. desember, þó ekki sunnudagana 6. og 13. Alls því í 20 daga.

Dreifing sæðis og skipulagning sæðingadaga miðast við að hægt sé með sem bestu móti að miðla sæðinu sem jafnast yfir allt tímabilið.

Skipulag sæðinga á einstökum svæðum á starfssvæði BV auk sæðingadaga á öðrum svæðum er dreift í fréttabréfi en jafnframt má nálgast það á heimasíðu BV www.buvest.is. BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur. Reiknað er með að bændur á starfsvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið um sauðfjársæðingar.

Sauðfjársæðinganámskeið verður haldið að Hesti í Borgarfirði 3. des. nk. og hefst kl. 13.00. Skráning fari fram hjá Lbhí í s.433 5000 / 433 5033 og/eða á endurmenntun@lbhi.is. Einnig á skrifstofu BV í s. 437 1215.

Pantanir á sæði og óskir um notkun einstakra hrúta verða í síðasta lagi að berast fyrir kl. 14:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu í síma 437 1215 hjá BV, fax 437 2015 eða netfang bv@bondi.is. Að þessu sinni mun Árni B. Bragason hafa umsjón með móttöku pantana. Allar pantanir utan starfssvæðis BV skulu fara í gegnum leiðbeiningamiðstöðvar á hverju svæði.

Nauðsynlegt er að hrútar til vara séu einnig nefndir þar sem oft kemur sú staða upp að umbeðnir hrútar anna ekki eftirspurn þann daginn.

Ef séð verður að nýting verði léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það til skrifstofu BV, fyrir kl. 9 að morgni sæðingadags svo sæðið geti nýst öðrum. Um helgar er þó einungis hægt að senda tölvupóst (á bv@bondi.is)

Gjaldskrá fyrir sæði: Aldrei er rukkað fyrir minna en 70% af pöntuðu sæði. Verð á hverjum skammti er eftirfarandi án vsk:

- Til bænda .....500 kr./sk.
- Til annarra en bænda (ekki búnaðargjalds-greiðendur eða félagsmenn BV) .....1.180 kr./sk.
- Til bænda og annarra sem annast sjálfir innheimtu og dreifingu, lágmark 100 skammtar .....425 kr./sk.

Nýtt fyrirkomulag er á skilum upplýsinga um sæddar ær hjá þeim sem eru með fjarvis.is eins og kynnt er á öðrum stað í skránni. Mikilvægt er þó að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi leiðbeiningamiðstöðvar um að upplýsingarnar hafi verið skráðar inn. Þeir sem nota áfram sæðingadagbækur verða að senda blöð úr þeim til uppgjörs eða skrá sæðingar í töflu sem er aðgengileg á heimasíðu BV, www.buvest.is Taflan sendist síðan í tölvupósti sem viðhengi á bv@bondi.is eða til viðkomandi leiðbeiningamiðstöðvar. Ef framangreindar skráningar og skýrslur um sæðingar hafa ekki skilað sér í síðasta lagi fyrir áramót reiknast 10 % álag.

Sæðingar hafa aukist ár frá ári mörg undanfarin ár sem ber ræktunaráhuga bænda gott vitni. Í fyrra voru sæddar 15.636 ær frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands sem er það mesta til þessa.

Með bestu kveðjuStarfsfólk
Búnaðarsamtaka Vesturlands

Atriðisorðaskrá: Nr. hrúta og blaðsíðutöl

Suðurland

Bls. Hyrndir hrútar

6 Hyrnir 03-958 frá meiri Tungu.
6 Kaldi 03-989 frá Kaldbak.
7 Kóngur 04-829 frá Sauðá.
7 Bramli 04-952 frá Hesti.
8 Þróttur 04-991 frá Staðarbakka.
8 Cat 04-992 frá Sveinungsvík.
9 Ylur 05-805 frá Hjarðarfelli.
9 Kveikur 05-965 frá Hesti.
10 Púki 06-807 frá Bergstöðum.
10 Stáli 06-831 frá Teigi1.
11 Fálki 06-834 frá Borgarfelli.
11 Fannar 07-808 frá Ytri Skógum.
12 Dökkvi 07-809 frá Hesti.
12 Prjónn 07-812 frá Hesti.
13 Sokki 07-835 frá Brúnastöðum.
13 Hriflon 07-837 frá Hriflu.
14 Borði 08-838 frá Hesti.

Bls. Kollóttir hrútar

15 Frakksson 03-974 frá Árbæ.
16 Mókollur 03-978 frá Borgarfelli.
16 Bogi 04-814 frá Heydalsá.
17 Sherk 05-817 frá Kollsá.
17 Týr 06-819 frá Melum.
18 Blossi 07-823 frá Heydalsá.
18 Skrauti 07-826 frá Hjarðarfelli.

Forystuhrútur

19 Póstur 07-828 frá Tunguseli.

Vesturland

Hyrndir hrútar

25 Vorm 03-988 frá Holtahólum.
26 Smyrill 04-800 frá Smyrlabjörgum.
26 Gotti 05-804 frá Bergsstöðum.
27 Tengill 05-830 frá Brekku.
27 Raftur 05-966 frá Hesti.
28 Hvellur 05-969 frá Borgarfelli.
28 At 06-806 frá Hafrafellstungu.
29 Mundi 06-832 frá Brúnastöðum.
30 Grábotni 06-833 frá Vogum 2.
30 Bifur 06-994 frá Hesti.
31 Freyðir 07-810 frá Hesti.
31 Hrói 07-836 frá Geirmundarstöðum.
32 Hólmi 08-839 frá Hesti.
32 Kjarkur 08-840 frá Ytri-Skógum.

Kollóttir hrútar

33 Ás 04-813 frá Ásgarði.
34 Kjói 04-816 frá Sauðadalsá.
34 Undri 05-818 frá Heydalsá.
35 Vöðvi 06-820 frá Hafnardal.
35 Bolli 06-821 frá Miðdalsgröf.
36 Neisti 06-822 frá Heydalsá.
37 Broddi 07-824 frá Broddanesi 1.
38 Logi 07-825 frá Mel 1.

Forystuhrútur

37 Karl Philip 05-827 frá Sandfellshaga.

SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ SUÐURLANDS

SKRÁ YFIR HRÚTA SEM NOTAÐIR VERÐA VETURINN 2009 - 2010

HYRNDIR HRÚTAR

Hyrnir

frá Meiri-Tungu, Holtum.
(keyptur frá Kastalabrekku, Ásahr.)

Ætt:
- Hyrnir 03-958
  - Beri 02-002
    - Högni 98-401
    - 97-730
  - Svört 96-623
    - Fantur 94-317
    - Svarthosa 93-354

	Hyrnir 03-958	2007	2008	2009
LAMBHRÚTASKOÐUN	Fjöldi	8	5	9
	Þungi	50,0	44,8	43,9
	Fótleggur	112	108	110
	Læri	16,9	16,8	16,8
	Ull	7,8	7,7	7,8
	Ómvöðvi	26,2	28,4	27,0
	Ómfita	2,9	2,6	3,1
	Lögun	3,7	3,9	3,9



Lýsing: Hvítur, ferhyrndur. Stuttur og sver haus, reglulega ferhyrndur. Stuttur háls, kúptar og holdfylltar herðar. Sterkt bak og breiðar, vel vöðvaðar malir. Lærahold góð. Góð fótstaða. Snotur kind á velli.
Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Mikið um gul hár og svartar doppur í reyfi. Frekar ullarlítill en reyfið jafnt.
Reynsla: Hyrnir kom á stöð sumarið 2006 í þeim tilgangi að viðhalda og varðveita ferhyrnda féð í landinu. Hann hefur fengið ákveðna notkun sem slíkur og verður enn boðinn til notkunar vegna þess. Hyrnir er sjálfur vel gerður einstaklingur og undan honum hafa verið að koma ágætlega gerð lömb og ljóst að sem kjötgæðagripur er hann vel í meðallagi.
Nokkuð er einnig orðið til af dætrum hans og niðurstöður fyrir þær benda til að þetta séu einnig afurðaær vel um meðallag.
Litaerfðir: Hyrnir er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórautt né tvílitt.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2003-40-106-26/2,0/4,0(H)-8,0-7,5-8,0-8,0-8,5-16,5-8,0-8,0-8,5=81,0 stig
2004-75-117-33/5,0/4,0(H)-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-7,5-8,0-8,0=83,0 stig

Kaldi

frá Kaldbak, Rangárvöllum.
(keyptur frá Selalæk, Rangárvöllum)

Ætt:
- Kaldi 03-989
  - Hnöttur 02-111
    - Áll 00-868
    - Gestaþraut 95-838
  - Hæ-Þrenna 01-087
    - Sjóður 97-846
    - Hæ-Kola 98-134

FMF: Stúfur 87-959, MMF: Húnn 92-809.

	Kaldi 03-989	2008	2009
LAMBHRÚTASKOÐUN	Fjöldi	91	127
	Þungi	46,2	47,8
	Fótleggur	111	112
	Læri	17,0	17,1
	Ull	7,9	7,9
	Ómvöðvi	28,4	28,1
	Ómfita	3,1	3,0
	Lögun	3,9	3,8



Lýsing: Hvítur, hyrndur með fremur langan haus. Herðar fremur háar og örlítið vantar á fyllingu fyrir aftan þær. Útlögur fremur góðar. Átökugott bakið breitt og sterkt. Malir mjög breiðar og vöðvafylltar. Lærvöðvinn þykkur efst í lærum og fyllir vel í krikann. Fótstaðan rétt. Mjög bollangur hrútur.
Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Aðeins um gul hár á baki og mölum. Ullarmagn í meðallagi. Nokkuð mikið þel, togið langt og hrokkið en fremur gróft.
Reynsla: Kaldi kom á stöð sumarið 2007. Hann kom úr lítilli hjörð þannig að um hann voru ekki jafn miklar upplýsingar og flesta stöðvarhrúta. Hann hefur verið mikið notaður bæði árin. Ljóst er að hann er mjög mikil fituleysiskind eins og ættir hans standa til. Gerð afkvæma hans er aftur á móti verulega breytileg þó undan honum komi alltaf nokkur mjög góð hrútsefni. Hann getur samt ekki flokkast sem afgerandi kynbótahrútur um vöðvasöfnun.
Fljótlega eftir að Kaldi kom á stöð komu fram vísbendingar um að hann væri með Þokugenið, sem síðan hefur verið staðfest. Nú er hann því fyrst og fremst í notkun sem slíkur einstaklingur. Helmingur dætra hans mun erfa eiginleikann og koma til með að sýna ofurfrjósemi. Mjólkurlagni hjá dætrum hans virðist um meðallag.
Litaerfðir: Kaldi er arfblendinn hvítur og mun mega fá alla liti hjá afkvæmum hans þar sem hann hefur erfðavísi bæði fyrir mórauðum lit og tvílit.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2003-61-112-31/3,0/4,0(H)-8,0-8,0-9,0-9,0-9,0-17,5-8,0-8,0-9,0=85,5 stig
2004-80-120-36/6,0/4,0(H)-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,0-8,0-8,0-8,0=82,5 stig

Kóngur

frá Sauðá, Vatnsnesi.

Ætt: Kóngur 04-829

- Lóði 00-871
  - Klaufi 99-067 Hesti
  - 97-490 Hesti
- 98-872
  - Bjálfi 95-802
  - 95-560

MMF: Goði 89-928.



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með frekar langan og nokkuð svipmikinn haus. Aðeins háar en ágætlega fylltar herðar og góðar útlögur. Bakið sterkt og vel vöðvað. Feikilega breiðar og vel fylltar malir. Góð lærahold. Sterkleg fótstaða. Gríðarlega bollangur og fasmikill hrútur.
Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Gult í ull og svartar doppur á skrokk. Ullarmagn og þel í meðallagi. Togið stutt, einkum á baki, og fremur gróft.
Reynsla: Kóngur 04-829 var fenginn frá Sauðá á Vatnsnesi sumarið 2009 og var þar byggt á mikilli og góðri reynslu af afkvæmum hans á heima- og nágrannabúi.

Kóngur vakti strax veturgamall athygli í afkvæmarannsókn á heimabúi og hefur síðan endurtekið athyglisverðar niðurstöður á hverju ári. Sem lambafaðir hefur hann verið að skila gríðarlega þroskamiklum lömbum. Í kjötgæðum er sterkari þátturinn hjá afkvæmum Kóngs mikið fituleysi þrátt fyrir feikimikinn vænleika. Kóngur hefur einnig miklu meiri reynslu sem ærfaðir en flestir hrútar sem til notkunar koma á stöð þar sem hann á þegar nær 100 dætur. Dætur hans virðast sameina bæði góða frjósemi og ágæta mjólkurlagni.
Móðir hans, 98-872, var endingargóð afurðaær. Kóngur var sjálfur fæddur sem einlembingur en annars var móðir hans ætíð tvílembd nema þrílembd einu sinni. Hún hafði 4,8 afurðastig.
Litaerfðir: Kóngur er arfhreinn hvítur.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2004-59-113-34/3,0/4,0(S)-8,0-8,5-8,5-9,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=85,0 stig

Bramli

frá Hesti, Borgarfirði.

Ætt: Bramli 04-952

- Lóði 00-871
  - Klaufi 99-067 Hesti
  - 97-490 Hesti
- 01-062
  - Áll 00-868
  - 96-399

Móðir Bramla er alsystir Hyls 01-883.

	Bramli 04-952	2006	2007	2008	2009
LAMBHRÚTASKOÐUN	Fjöldi	56	128	63	100
	Þungi	45	46	45,6	47,5
	Fótleggur	109	110	109	110
	Læri	17,1	17,1	17,2	17,2
	Ull	7,9	7,9	7,8	7,8
	Ómvöðvi	29,0	29,4	29,4	29,9
	Ómfita	2,5	2,5	2,5	2,6
	Lögun	4,0	4,0	4,2	4,1



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur. Allgóðar útlögur, vottar fyrir háum herðum. Mjög þykkur bakvöðvi, góð vöðvafylling á mölum, góð lærahold. Fótstaða góð. Jafnvaxinn og snotur hrútur.
Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum, nokkuð um gul hár um allt reyfi en engin svört hár fundust. Ullarmikill, reyfið jafnt en togið aðeins gróft. Lagðprúður.
Reynsla: Bramli er orðinn hagvanastur stöðvarhrúta vegna þess að þar hefur hann átt heimili frá haustinu 2005. Bramli hefur aldrei verið í stórfelldri notkun, en víðtæk reynsla hefur sýnt vel eiginleika hans. Hann er einn mesti fituleysishrútur sem á stöðvunum hefur verið en gerð afkvæma hans er aftur á móti mjög breytileg. Alltaf koma samt fram miklir afreksgripir að því leyti undan honum þar sem Raftur 05-966 er langþekktasta dæmið.
Þá er komin heilmikil reynsla á Bramla sem ærföður og þar má óhikað fullyrða að hann er kynbótahrútur þar sem dætur hans eru bæði vel frjósamar en einnig ágætlega mjólkurlagnar ær.
Litaerfðir: Bramli er arfhreinn hvítur.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2005-82-120-32/3,0/4,0(S)-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,0 stig

Þróttur

frá Staðarbakka, Hörgárdal.

Ætt:

Þróttur 04-991

Spakur 00-909 — Féleg 00-058

Lækur 97-843 — Þula 97-362 Arnarvatni — Glúmur 97-759 — Freydís 92-686

MFF: Svaði 94-998.

Lambhrútaskoðun	Þróttur 04-991	2008	2009
	Fjöldi	102	120
	Þungi	47,5	48,0
	Fótleggur	108	110
	Læri	17,3	17,4
	Ull	7,8	7,8
	Ómvöðvi	28,6	28,9
	Ómfita	2,8	2,8
	Lögun	4,0	4,0



Lýsing: Hvítur og hyrndur. Svipfríður og sterklegur haus. Mjög sver háls, fremur háar herðar en feikilega breiðar og vöðvafylltar. Mjög breið bringa og sívalur bolur. Breitt og vel fyllt bak. Fremur langar, holdfylltar malir og öflug lærahold. Sterklegir og sverir fætur. Áberandi bollangur og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing: Sterkgulur á haus og fótum og talsvert um gul hár í togið stutt, hrokkið og reyfi. Svört hár fundust í ull. Þykkt þel en fíngert. Ullarmagn í slöku meðallagi.

Reynsla: Þróttur var einn fjölmargra úrvalshrúta um kjötgæði sem fram komu eftir notkun Spaks 00-909 og beindust því augu að honum sem stöðvarhrút. Hann kom á stöð sumarið 2007. Hann hefur verið talsvert notaður þau tvö ár sem hann er búinn að vera þar í notkun, en afkvæmi orðið heldur færri en skyldi vegna slakari sæðingaárangurs en hjá flestum öðrum stöðvarhrútum vegna lítilla sæðisgæða. Afkvæmi hans hafa samt rækilega staðfest að hann er öflug kynbótakind með tilliti til kjötgæða. Afkvæmi hans eru fitulítil en ákaflega vel vöðvafyllt og prýðisvel gerð.

Talsverð reynsla er komin á Þrótt sem ærföður þar sem ljóst er að hann stendur mun framar föður sínum og mörgum hálfbræðrum. Dætur hans eru frjósamar ær og reynslan er að sýna að þær eru einnig vel mjólkurlagnar. Þannig er Þróttur orðinn í hópi mest alhliða kynbótahrúta meðal þeirra sem mikil reynsla er fengin um.

Litaerfðir: Þróttur er arfblendinn hvítur, hefur erfðavísi fyrir mórauðum lit og tvílit þannig að undan honum á að vera mögulegt að fá afkvæmi með alla liti.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2004-55-107-30/3,0/4,0(S)-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-18,0-7,5-8,0-8,5=86,5 stig
2005-90-120-32/5,0/4,0(S)-8,0-9,0-8,5-8,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=85,0 stig

Cat

frá Sveinungsvík, Þistilfirði.

Ætt:

Cat 04-992

Týr 02-929 — 00-025

Leki 00-880 — 00-250 Presthólum — 99-207 — 98-842

MFF: Bjálfi 95-802. MMF: Mjaldur 93-985.

Lambhrútaskoðun	Cat 04-992	2008	2009
	Fjöldi	103	90
	Þungi	44,6	47,7
	Fótleggur	108	110
	Læri	17,3	17,5
	Ull	7,7	7,6
	Ómvöðvi	29,4	29,5
	Ómfita	2,9	3,0
	Lögun	4,1	4,2



Lýsing: Hvítur og hyrndur, fremur svipfríður. Breiðar, kúptar og vel vöðvaðar herðar og bolurinn sívalur. Sterkt og mjög átökugott bak. Malir áberandi kúptar og vöðvafylltar. Læraholdin frábær og fótstaðan rétt. Áberandi harðholda og í meðallagi bollangur hrútur. Rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Sterkgulur á haus og fótum, mikið af gulum hárum í reyfi og einnig fundust svört hár. Mjög togstuttur en ullin mjúk.

Reynsla: Cat kom á stöð haustið 2007 úr stórri rannsókn stöðvanna í Norður-Þingeyjarsýslu þá um haustið. Hann hafði þannig traustari reynslu sem öflug kynbótakind um kjötgæði en flestir aðrir hrútar, sem þangað rata. Hann hefur hins vegar ekki verið verulega mikið notaður þau tvö ár sem hann hefur verið á stöð. Afkvæmi hans hafa hins vegar sýnt að hann er að skila feikilega vel vöðvafylltum afkvæmum með litla fitusöfnun. Lömbin eru hins vegar oft ullarlítil og þungi á fæti vart nema í meðallagi en þau skerast ákaflega vel þannig að fallþungi lamba undan Cat er góður.

Dætur Cat eru vel frjósamar ær og þær upplýsingar sem fyrir liggja benda til að mjólkurlagni þeirra muni um meðallag. Cat er því hrútur sem áreiðanlega á skilið meiri notkun en hann hefur fengið til þessa á stöð.

Litaerfðir: Cat er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2004-36-110-29/1,0/4,0(S)-8,0-8,0-8,5-8,5-9,0-17,0-7,5-8,0-8,0=82,5 stig
2005-58-119-35/2,0/4,0(S)-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-7,5-8,0-8,0=82,5 stig

Ylur

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.



MMF: Álfur 90-973



	Ylur 05-805	2009
LAMBHRÚTASKOÐUN	Fjöldi	184
	Þungi	47,4
	Fótleggur	111
	Læri	17,2
	Ull	8,0
	Ómvöðvi	29,3
	Ómfita	3,2
	Lögun	4,0

Lýsing: Fríður, svipmikill haus og vel hyrndur. Breiðar og vel fylltar herðar, miklar útlögur. Bakið sterkt og öflugt. Malir langar, breiðar og vöðvafylltar. Ágæt lærahold. Sterkleg fótstaða. Bollangur og ákaflega vel gerður hrútur.
Ullarlýsing: Hreinhvítur. Ullarmagn í meðallagi. Jafnt reyfi.

Tog er fremur stutt á baki og grófleiki togsins í meðallagi.
Reynsla: Ylur kom á stöð sumarið 2008 en hann hafði verið að skila ákaflega athyglisverðum lömbum heima á Hjarðarfelli líkt og sagt er frá í hrútaskrá síðasta árs. Hann var mikið notaður síðasta vetur og kom því drjúgur hópur afkvæma hans til skoðunar á þessu hausti. Í heild var þetta föngulegur hópur vel gerðra lamba. Þau eru jafnvaxin með bakvöðvaþykkt um meðallag, aðeins breytileg lærahold en hópur úrtökugóðra hrútsefna í hópnum sem skoðaður var.
Nokkur reynsla er komin á YI sem ærföður heima á Hjarðarfelli þar sem frjósemi dætra hans hefur verið í tæpu meðallagi en þær reynst mjög mjólkurlagnar. Sem ærfaðir virðist hann því líkt og í öðru koma fram sem ákveðin spegilmynd föður síns.
Litaerfðir: Ylur er arfhreinn hvítur.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2005-50-110-30/4,0/4,0(S)-8,0-8,0-8,5-8,5-9,0-17,5-9,0-8,0-8,5=85,0 stig
2006-83-121-33/6,8/3,5(S)-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-8,5-8,0-8,5=84,0 stig

Kveikur

frá Hesti, Borgarfirði.



FFF: Hylur 01-883, FMF: Náli 98-870, MMFF: Lækur 97-843, MMMF: Hörvi 92-972.



	Kveikur 05-965	2007	2008	2009
LAMBHRÚTASKOÐUN	Fjöldi	364	274	437
	Þungi	48	47,2	49,0
	Fótleggur	111	110	111
	Læri	17,3	17,3	17,4
	Ull	7,9	7,8	7,8
	Ómvöðvi	29,3	30,0	29,9
	Ómfita	2,4	2,5	2,5
	Lögun	4,1	4,2	4,2

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur og svipfríður. Sver og þykkur háls sem fyllir vel að holdfylltum herðum. Breið og víð bringa. Þykkt bak, malir breiðar og kúptar, lærvöðvi mjög þykkur með áberandi góða innanlærisfyllingu. Fótstaða góð. Í meðallagi bollöng, mjög prúð og gæf kind.
Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á fótum og dindli en lítið um gul hár í reyfi og engin svört hár fundust. Reyfið jafnt, ullarmagn í meðallagi og togið meðalfínt.

Reynsla: Kveikur kom ásamt Rafti 05-966 til notkunar á stöð haustið 2006 þegar fyrir lágu frækilegar niðurstöður þeirra úr afkvæmarannsókn. Kveikur hefur síðan verið feikilega mikið notaður á stöðvunum í þrjú ár. Afkvæmi hans hafa rækilega staðfest að hann er einstök kynbótakind með tilliti til kjötgæða þar sem fer saman gríðarlega góð vöðvasöfnun og lítil fita. Margt bendir til að Kveikur gefi heldur þroskameira fé en Raftur. Á síðasta hausti kom strax fram mjög stór hópur sona Kveiks um allt land sem eru gríðarlega miklar kostakindur með tilliti til kjötgæða. Tveir synir hans eru þegar komnir á stöð og þess má vænta að þeim fjölgi stórlega á næsta ári.
Mikil reynsla er fengin um Kveik sem ærföður og virðast kostir hans í þeim efnum ótvíræðir. Frjósemi er vel yfir meðallagi og niðurstöður fyrir rúmlega þúsund dætur hans á síðasta vori styrkja það enn frekar. Þessar ær virðast einnig vera mjög mjólkurlagnar. Kveikur hefur því tvímælalaust skipað sér sess sem einn af öflugustu kynbótahrútum sem fram hafa komið hér á landi og reynsla er fengin um.
Litaerfðir: Kveikur er arfblendinn hvítur, en erfir hvorki mórautt né tvílitt.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2005-48- -36/2,0/--(S)- - - - - - - - - = stig
2006-79-119-36/2,0/5,0(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=85,0 stig

Púki

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.

Ætt:

- Púki 06-807
  - Ári 04-086
    - Áll 00-868
    - 01-168
  - 03-341
    - Lúði 02-085
    - 01-110

FMF: Túli 98-858, MFF: Lóði 00-871.



	Púki 06-807	2009
LAMBHRÚTASKOÐUN	Fjöldi	403
	Þungi	49,0
	Fótleggur	112
	Læri	17,3
	Ull	7,7
	Ómvöðvi	28,6
	Ómfita	3,0
	Lögun	3,9

Lýsing: Sver, þróttlegur haus og vel hyrndur. Breiðar aðeins ávalar og gríðarlega vel holdfylltar herðar. Mjög breið bringa og miklar útlögur. Bak og malir mjög vel vöðvafylltar og lærvöðvi gríðarlega öflugur. Sterkleg fótstaða. Breiðvaxinn, mjög þéttholda og í meðallagi bollangur.
Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum og nokkuð mikið um gul hár á baki og mölum. Ullarmagn í góðu meðallagi. Jafnt reyfi en togið aðeins misjafnt og fínleiki í meðallagi. Ullin þokkalega gljáandi.
Reynsla: Púki kom á stöð sumarið 2008 frá Bergsstöðum á Vatnsnesi vegna frábærrar niðurstöðu sem afkvæmi hans höfðu sýnt þar heima. Hann var feikilega mikið notaður síðasta vetur, en sæðisgæði gölluð og sæðingaárangur því slakur. Feikilega stór hópur afkvæma hans kom samt til skoðunar í haust. Þetta voru fádæma þroskamikil lömb, t.d. voru rúmlega 400 gimbrar sem skoðaðar voru undan honum yfir 44 kg á fæti að jafnaði. Bakvöðvamælingar hrútlambanna voru nákvæmlega á meðaltali fyrir afkvæmi stöðvarhrúta. Vöðvafylling lamba undan honum jafnast ekki á við það sem er hjá sterkustu stöðvarhrútum. Púki skilar þó miklu af úrvalsgóðum lömbum, þrátt fyrir að kynfesta um gerð mætti vera meiri. Ullargæði hjá lömbunum eru oft slök. Vegna ungs aldurs er ekki enn komin afgerandi reynsla um dætur en frjósemi þeirra vorið 2009 var með ólíkindum mikil og dómur um mjólkurlagni mjög góður þannig að standist allar þær væntingar er hann einstakur ærfaðir.
Litaerfðir: Púki er arfhreinn hvítur.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Mál og stigun: 2006-53-113-29/3,3/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,0=85,0 stig

Stáli

frá Teigi 1, Fljótshlíð.

Ætt:

- Stáli 06-831
  - Tvistur 05-438
    - Kuldi 03-924
    - 02-222
  - Edda 02-243
    - Bjargvættur 97-869
    - Vala 97-717

MMF: Hörvi 92-972, FMFF: Lækur 97-843



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með fremur fríðan og nokkuð sveran haus. Þykkur háls og mjög vöðvafylltar herðar. Vottar fyrir slöðri aftan herða en útlögur mjög góðar. Bakvöðvinn þykkur og malahold gríðarmikil. Frábær lærahold, lærvöðvi sérstaklega þykkur og kúptur. Góð fótstaða. Ágætlega bollangur, kviðléttur og frísklegur hrútur.
Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Lítið um gul hár í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Þelið jafnt og þykkt en togið stutt og gisið.
Reynsla: Stáli 06-831 var fenginn frá Teigi 1 í Fljótshlíð sumarið 2009 inná stöðvarnar og var þar byggt á einstakri reynslu af honum sem lambaföður haustin tvö á undan. Ástæða er að benda á að móðir Stála er ein örfárra, jafnvel eina, dóttir Bjargvættar 97-869 sem til er á Suðurlandi.
Haustið 2007 vakti kjötmat lambanna undan honum verulega athygli. Haustið 2008 sýndi enn stærri sláturlambahópur undan honum feikilega mikla yfirburði úr kjötmati, sem skiluðu honum í efsta sæti hrúta í landinu um kjötgæði samkvæmt BLUP mati. Lambahópurinn undan honum haustið 2008 sýndi 16,0 kg meðalfallþunga, meðaltal um gerð var 10,0 og fyrir fitu 5,7. Haustið 2009 sýndu sláturlömbin undan honum enn áberandi mikið fituleysi í kjötmatinu.
Vegna síns unga aldurs er Stáli enn nánast óreyndur sem ærfaðir en frjósemi dætra hans vorið 2009 var nærri meðaltali jafnaldra áa á búinu. Haustið 2009 voru dætur hans að skila áberandi vænum dilkum.
Móðir hans, Edda 02-243, var tvílembd gemlingsárið en hefur síðan þrisvar átt þrjú lömb, annars tvílembd og hafa fjölmörg afkvæmi hennar ratað í ásetning. Hún er með 6,1 afurðastig.
Litaerfðir: Stáli er arfblendinn hvítur, en býr að líkindum hvorki yfir erfðavísi fyrir mórauðum lit né tvílit.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2007-85-120-36/4,0/3,5(H)-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-17,5-8,0-8,0-8,5=84,5 stig

Fálki

frá Borgarfelli, Skaftártungu.

Ætt:

- Fálki 06-834
  - Mímir 04-951
    - Ægir 03-129 Hesti
    - 01-022 Hesti
  - Sjöstjarna 03-362
    - Áll 00-868
    - Hempa 97-777



Lýsing: Hvítur, hyrndur með sveran og þróttlegan haus. Stuttur háls og prýðisvel holdfylltar herðar. Góðar útlögur. Bakið sterkt og vöðvinn þykkur. Malir mjög breiðar með mikilli vöðvafyllingu. Frábær lærahold. Vel í meðallagi bollangur hrútur með sterklega fótstöðu.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnakka, á haus og fótum. Örlítið af gulum hárum í ull. Fremur ullarlítill. Þelið sæmilega jafnt. Togið lítið og ójafnt en yfirleitt fíngert.

Reynsla: Fálki 06-834 var fenginn á stöð sumarið 2009 frá Borgarfelli í Skaftártungu. Hann var falaður til slíkra nota á grunni feikilega góðra niðurstaðna fyrir kjötgæði sláturlamba undan honum árin 2007 og 2008.



Haustið 2007 kom lambahópur undan Fálka sem vakti verðskuldaða athygli fyrir frábærar kjötmatsniðurstöður og líkar niðurstöður endurtók lambahópurinn undan honum haustið 2008. Þá var meðalfallþungi sláturlambanna 17,1 kg og fyrir gerð var matið 10,8 að jafnaði og 6,2 fyrir fitu. Vænleiki lambanna undan Fálka hefur verið nærri búsmeðaltali. Haustið 2009 mátti sjá margan glæsigrip í lambahópnum undan honum.

Aldur Fálka gerir að takmörkuð reynsla er fengin um hann sem ærföður. Dætur hans á Borgarfelli vorið 2009 voru jafnar jafnöldrum sínum um frjósemi. Sigfús gefur þeim þá umsögn að þær séu góðar mæður og mjólkurlagnar.

Móðir hans, Sjöstjarna 03-362, var einlembd sem gemlingur og tvævetlan en síðan tvílembd og hafa flest afkvæmi hennar orðið ásetningslömb. Hún er með 5,4 afurðastig.

Litaerfðir: Fálki er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2006-51-106-29/2,5/4,0(H)-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=84,5 stig

Fannar

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.

Ætt:

- Fannar 07-808
  - Alki 06-297
    - Hlekkur 02-201
    - Bytta 01-255
  - Rjúpa 06-505
    - Blettur 05-967
    - Skrukka 04-413

FFFF: Lækur 97-843, FMFF: Spónn 98-849



	Fannar 07-808	2009
Lambhrútaskoðun	Fjöldi	222
	Þungi	46,4
	Fótleggur	110
	Læri	17,4
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	31,2
	Ómfita	3,1
	Lögun	4,3

Lýsing: Fremur nettur haus en vel hyrndur. Herðar ávalar, vel holdfylltar og útlögur miklar. Bakið feikilega vöðvaþykkt og malir múraðar vöðvum. Lærvöðvinn vel lagaður og þykkur. Góð fótstaða. Ákaflega þéttvaxinn og snotur hrútur en ekki nema í meðallagi bollangur.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og vottar aðeins fyrir gulum hárum á bol. Ullarmagn í meðallagi. Þelið þykkt og togið hrokkið, nokkuð jafnt en fínleiki tæplega í meðallagi.

Reynsla: Haustið 2008 kom Fannar á stöð þegar hann hafði skilað stórglæsilegum niðurstöðum í afkvæmarannsókn veturgömlu hrútanna í Ytri-Skógum. Niðurstöður úr rannsókninni eru ítarlega raktar í hrútaskrá síðasta árs. Hann var mikið notaður síðastliðinn vetur og gríðarlega stór lambahópur undan honum til skoðunar haustið 2009. Niðurstöðurnar um bakvöðvamælingar lambanna sýna meiri yfirburði hans í þeim efnum en áður hafa mælst hjá sæðingahrútum. Þessi lömb eru um leið feikilega þéttvaxin, mjög vel gerð og heildardómur einn sá allra besti. Þroski lambanna virðist ekki meiri en í meðallagi.

Reynsla um Fannar sem ærföður er hverfandi önnur en sú að frjósemi hjá veturgömlum dætrum hans vorið 2009 var heldur undir meðaltali jafnaldranna á búinu. Ætternismat hans um mjólkurlagni er um meðaltal.

Litaerfðir: Fannar er arfblendinn hvítur og erfir einnig bæði mórauðan lit og tvílit þannig að allra lita má vænta hjá afkvæmum hans.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2007-43-108-35/2,0/5,0(H)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,5 stig
2008-85-120-47/6,0/5,0(H)-8,0-8,5-8,5-9,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,5 stig

Dökkvi

frá Hesti, Borgarfirði.

Ætt:

Dökkvi 07-809

Bifur 06-994 — 04-390

Brimill 04-153 — 02-157 — Prins 00-081 — 01-038

MMMF: Hörvi 92-972, MMFF: Lækur 97-843
Dökkvi er sammæðra Kveik 05-965.

	Dökkvi 07-809	2009
Lambhrútaskoðun	Fjöldi	157
	Þungi	45,5
	Fótleggur	110
	Læri	17,2
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	30,5
	Ómfita	3,1
	Lögun	4,3



Lýsing: Svipfallegur og vel hyrndur. Herðabreiður og vel fylltur vöðvum um herðar með ágætar útlögur. Holdfylling á baki, í mölum og lærum mjög góð. Fótstaðan er góð. Bollengd í meðallagi en þéttvaxinn og vel gerður gripur.
Ullarlýsing: Svartur með dökkan og góðan lit. Ullarmikill. Reyfið jafnt og þykkt. Togið meðalfínt og jafnt.

Reynsla: Dökkvi var einn af þeim fjórum hrútum sem komu á stöðvarnar haustið 2008 að aflokinni afkvæmarannsókninni á Hesti þá um haustið. Í hrútaskrá á síðasta ári er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr þeirri rannsókn. Dökkvi var mikið notaður síðasta vetur og kom hópur lamba undan honum til skoðunar. Ólíklegt er að sem kynbótakind verði hann annað en litli bróðir Kveiks 05-965 en þeir eru sammæðra. Hann skilar greinilega hinum gríðarþykka og vel lagaða bakvöðva sem þekktur er hjá föður hans, en lærahold sem eru góð eru þó aðeins breytileg. Vænleiki lamba virðist aðeins umfram meðaltal.
Sem ærfaðir er Dökkvi nánast alveg óreyndur enn nema veturgömlu ærnar undan honum fæddu fleiri lömb en jafnöldrur á Hesti. BLUP ætternismatið spáir honum sem góðum ærföður.
Litaerfðir: Sem svört kind er Dökkvi arfhreinn hlutlaus í A-sætinu, en hann erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Mál og stigun:
2007-42- -33/2,9/5,0(S)- - - - - - - - - = stig
2008-85-114-40/4,0/4,5(S)-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=86,0 stig

Prjónn

frá Hesti, Borgarfirði.

Ætt:

Prjónn 07-812

Þráður 06-996 — 05-110

Kveikur 05-965 — 03-249 — Gaddur 04-950 — 00-927

MMF: Askur 97-835

	Prjónn 07-812	2009
Lambhrútaskoðun	Fjöldi	370
	Þungi	47,5
	Fótleggur	108
	Læri	17,5
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	29,3
	Ómfita	2,8
	Lögun	4,2



Lýsing: Þróttlegur haus með kröpp horn. Mjög vel fylltar herðar og allgóðar útlögur. Bakið mjög þykkt og malir langar og vel vöðvafylltar. Þykkur og góður lærvöðvi. Rétt og góð fótstaða. Nokkuð bollangur, þéttvaxinn og föngulegur gripur á velli.
Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum og aðeins um gul hár í ull. Ullarmagnið er í góðu meðallagi. Þelið þykkt og jafnt. Togið ekki langt en fremur jafnt, fínt og gljáandi.

Reynsla: Prjónn er úr hópi þeirra fjögurra hrúta sem stöðvarnar fengu frá Hesti haustið 2008 þegar niðurstöður afkvæmarannsóknar lágu fyrir. Prjónn skipaði sér í kjötmati á topp en helstu niðurstöður eru raktar í hrútaskrá síðasta árs. Prjónn var mikið notaður síðasta vetur og stór hópur lamba undan honum skoðaður. Þetta voru mjög kostamiklir lambahópar, þroskamikil, vel gerð lömb með prýðisgóða vöðvafyllingu þannig að hér fer hrútur með hin miklu kjötgæði Hestfjárins.
Prjónn er sökum ungs aldurs nánast óreyndur sem ærfaðir nema frjósemi veturgömlu ánna á Hesti vorið 2009 var í góðu lagi. Ætternismat hans (BLUP mat) skapar til hans miklar væntingar í þeim efnum.
Litaerfðir: Arfblendinn hvítur, en erfir hvorki mórauðan lit eða tvílit.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2007-44- -31/2,7/4,0(S)- - - - - - - - - = stig
2008-90-115-38/3,4/5,0(S)-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=86,0 stig

Sokki

frá Brúnastöðum, Fljótum.

Ætt:

- Sokki 07-835
  - Kækur 03-961
    - Lækur 97-843
    - Verina 01-035
  - Hvísl 02-268
    - Hvanni 01-030
    - Tvista 00-003

MFFFF: Austri 98-831, MMF: Prúður 94-834.



Lýsing: Svartflekkóttur, vel hyrndur með breiðan og fríðan haus. Mjög þykkur og stuttur háls. Feikilega breiðar herðar og bringa. Góðar útlögur. Þykkt bak, vöðvafylltar malir og gríðarlega þykkur lærvöðvi. Sterkleg fótstaða. Frekar bolstuttur en feikna breiðvaxinn hrútur.
Ullarlýsing: Þéttdropóttur um allan skrokk. Ullarmagn og þel í góðu meðallagi. Þelið þykkt. Togið jafnt, hrokkið og fremur fíngert.
Reynsla: Sokki 07-835 kom á stöð sumarið 2009 frá Brúnastöðum í Fljótum. Hann var þangað fenginn á grunni þeirra reynslu sem fyrir lá um lömb undan honum haustið 2008.

Sokki skipaði sér haustið 2008 á topp í afkvæmarannsókn meira en 20 hrúta á heimabúi með gríðarlega yfirburði bæði úr ómsjármælingum og kjötmati. Þá var meðalfallþungi sláturlambanna 16,2 kg og meðaltal um gerð 11,4 og 7,0 fyrir fitu. Haustið 2009 gefur hann enn gífurlega mikla yfirburði hjá afkvæmum sínum eins og haustið áður. Vænleiki lamba undan honum er góður þó að Sokki sjálfur sé full bolstutt kind.
Vegna ungs aldurs eru enn engar upplýsingar fyrir hendi um eiginleika Sokka sem ærföður aðrar en þær að örfáar dætur hans vorið 2009 áttu allar eitt lamb.
Móðir Sokka, Hvísl 02-268, var felld haustið 2007. Hún hafði verið einlembd gemlingsárið en ætíð tvílembd eftir það og mikil afurðaær með 7,5 afurðastig.
Litaerfðir: Litur Sokka lýsir þeim að öllu leyti nema að ljóst er að hann erfir ekki mórauðan lit.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Sokki er þar arfblendinn með verndandi arfgerð.

Mál og stigun: 2007-41-115-26/3,2/3,0(H)-8,0-8,0-8,5-8,0-8,5-17,3-7,0-8,0-8,0=81,3 stig
2008-76-110-30/4,0/3,5(H)-8,0-8,5-8,5-7,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,0=83,5 stig

Hriflon

frá Hriflu, Þingeyjarsveit.

Ætt:

- Hriflon 07-837
  - Raftur 05-966
    - Bramli 04-952
    - 03-290 Hesti
  - 03-426
    - Hylur 01-883
    - 01-289

MMF: Askur 97-835.



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur og svipfríður haus. Vel fylltur um herðar og útlögur góðar. Breitt og vel vöðvað bak. Mikil vöðvafylling í mölum. Gríðarlega þykkur, harður og vel lagaður lærvöðvi. Góð fótstaða. Ákaflega harðholda, bollangur, kviðléttur og frísklegur hrútur.
Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Smávegis um gul hár á bol. Fremur ullarlítill en reyfið jafnt. Fremur lítið þel en togið jafnt og hrokkið og í meðallagi fínt.
Reynsla: Hriflon 07-837 er fenginn á stöð frá Hriflu sumarið 2009 og var val hans byggt á ákaflega athyglisverðum afkvæmahópi hans haustið 2008. Heima í Hriflu hét hrúturinn Bogi en með heimilsfestu á

stöðvunum varð að breyta því nafni. Haustið 2008 var hann í afkvæmarannsókn heimahrútanna í Hriflu. Lambahópurinn undan honum var með það glæsilegar niðurstöður að hann skipaði sér í efsta sæti allra hrúta í landinu í afkvæmarannsóknum á vegum búnaðarsambandanna. Þar dró lengsta stráið einstakt fituleysi sláturlambanna undan honum. Lömbin undan honum haustið 2008 voru að jafnaði með 16,0 kg fallþunga og 9,8 fyrir gerð og 4,9 fyrir fitu í kjötmatinu. Enn stærri lambahópur undan honum haustið 2009 sýnir sömu einkenni, mikla vöðvaþykkt og ákaflega litla fitu.
Vegna hins unga aldurs er fátt frétta um dætur hans nema að veturgömlu ærnar undan honum í Hriflu vorið 2009 voru mjög frjósamar og verulega umfram jafnöldrur sínar á búinu.
Móðir Hriflons, 03-426, er afbragðs afurðaær sem var tvílembd gemlingur en síðan tvisvar þrílembd (Hriflon er fæddur þrílembingur), ella tvílembd. Hún er með 9,9 afurðastig.
Litaerfðir: Hriflon er arfhreinn hvítur.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2007-49-112-35/1,0/5,0(H)-8,0-8,0-8,0-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,0=83,5 stig

Borði

frá Hesti, Borgarfirði.



FFF: Kveikur 05-965, FMMF: Moli 93-986, MFFF: Hylur 01-883, MMFF: Bjálfi 95-802.



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Nokkuð þróttlegur haus. Aðeins háar en mjög vel fylltar herðar. Mjög góðar útlögur. Bakið þykkt og vöðvafyllt, malir prýðilega fylltar og lærvöðvinn þykkur og vel lagaður. Sterkleg fótstaða. Í meðallagi bollangur og afar gæfur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum en lítið um gul hár í ull. Ullarmagn í meðallagi. Reyfið jafnt, togið í meðallagi fínt. Fremur jafnt og gott þel.

Reynsla: Borði 08-838 er annar þeirra tveggja hrúta sem kom á stöðvarnar haustið 2009 á grunni niðurstöðu afkvæmarannsóknanna á hrútunum á fjárræktarbúinu á Hesti þá fyrr um haustið.

Niðurstöður lambanna undan honum voru um flest mjög jákvæðar í afkvæmarannsókninni. Yfirburðir í ómsjármælingum voru talsverðir, sérstaklega hjá gimbrunum. Við slátrun hrútlambanna var meðalfallþungi þeirra 16,0 kg sem var örlítið undir meðaltali rannsóknarinnar. Meðaltal úr kjötmati var 11,0 fyrir gerð og 6,2 fyrir fitu. Þá var afkvæmahópurinn með næst hæsta mat fyrir lærastig fallanna eða 4,2. Má því ætla að Borði hafi hinar eftirsóttu vöðvasöfnunareiginleika Hestsfjárins en trauðla eru eiginleikar hans til fituleysis jafn miklir og hjá mörgum köppum sem frá Hesti hafa komið.

Vegna aldurs er ljóst að engin reynsla er fengin af dætrum hans sem afurðaám en ætternismat hans fyrir þá eiginleika er jákvætt.

Móðir Borða, 05-071, er mikil afurðaær sem var tvílembd gemlingsárið og síðar hefur hún tvisvar sinnum verið þrílembd. Afurðastig hennar eru 6,9.

Litaerfðir: Borði er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2007-42- -31/1,5/4,0(S)- - - - - - - - = stig
2008-91-115-37/5,8/4,5(S)-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Frakksson

frá Árbæ, Reykhólasveit.

Ætt:

- Frakksson 03-974
  - Frakkur 99-045
    - Bliki 96-467 Smáhömrum
    - 98-066 Smáhömrum
  - Alda 01-343
    - Laski 98-040 Gautsdal
    - Táta 94-036

FMF: Kópur 95-825.

	Frakksson 03-974	2007	2008	2009
Lambhrútaskoðun	Fjöldi	164	70	91
	Þungi	48	47,6	49,6
	Fótleggur	113	113	113
	Læri	17,1	17,0	17,2
	Ull	8,3	8,4	8,4
	Ómvöðvi	26,9	27,9	27,4
	Ómfita	3,5	3,3	3,3
	Lögun	3,7	3,9	3,9



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Svipfríður með brúsk í enni. Kúptar og fylltar herðar, útlögur góðar. Sterkt og þykkt bak og breiðar, vel fylltar malir. Ákaflega góð lærafylling. Fótstaða góð. Mjög jafnvaxinn og fríður hrútur á velli.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og engin svört hár fundust. Fremur ullarlítill. Reyfið fremur jafnt og togið stutt á köflum en fínt og mjúkt. Glansandi ull.

Reynsla: Frakksson kom á stöð haustið 2006 og flutti með sér góða reynslu sem lambafaðir frá Árbæ. Hann hefur síðan verið talsvert mikið notaður á hverju ári og hópur verulega góðra lamba komið til skoðunar á hverju hausti. Gerðin er mjög góð, yfirleitt mjög prúðar kindur á velli en bakvöðvaþykkt lambanna yfirleitt breytilegasti þátturinn. Margir efnilegir synir hans eru þegar í notkun vítt um land. Frakksson er einnig kominn með verulega reynslu sem ærfaðir og er greinilega góður kynbótahrútur einnig sem slíkur. Dætur hans eru bæði frjósamar og mjólkurlagnar.

Litaerfðir: Frakksson er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2003-51-109-30/5,0/4,0(S)-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,5 stig
2004-87-121-29/6,0/4,0(S)-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,0-8,5-8,0-8,5=83,5 stig

Mókollur

frá Borgarfelli, Skaftártungu.
(keyptur frá Snæbýli 1, Skaftártungu)

Ætt:

- Mókollur 03-978
  - Kostur 98-895
    - Þyrill 94-399 Heydalsá
    - 95-280 Heydalsá
  - Gusa 01-170
    - Hreinn 99-615
    - Gusa 94-415

MFF: Sveppur 94-807, MMF: Móri 87-947.

	Mókollur 03-978	2007	2008	2009
Lambhrútaskoðun	Fjöldi	49	51	35
	Þungi	47	48,5	49,6
	Fótleggur	112	112	112
	Læri	17,1	17,0	16,9
	Ull	7,6	8,0	7,9
	Ómvöðvi	26,6	27,2	26,7
	Ómfita	3,5	3,3	3,1
	Lögun	3,5	3,6	3,5



Lýsing: Mórauður, kollóttur. Sver og fríður haus. Breiðar herðar en aðeins vantar á fyllingu aftan þær. Breitt bak og breiðar, allvel holdfylltar malir. Nokkuð góð lærahold. Fótstaða góð. Mjög bollangur en aðeins kviðaður hrútur.
Ullarlýsing: Frekar ljósmórauður litur og til blettir með gráum hárum. Ullarmikill og reyfið jafnt.

Reynsla: Mókollur var fenginn á stöð sumarið 2006 frá Snæbýli fyrst og fremst sem valkostur fyrir þá sem sinna ræktun á mórauðu fé, verkefni sem stöðvarnar hafa lengi reynt að sinna. Undan honum hefur komið nokkur hópur lamba til skoðunar á hverju hausti. Hann gefur þroskamikil lömb, fremur vel gerð en ekki mikið um góð hrútsefni. Bakvöðvi er þunnur í samanburði stöðvarhrúta en kjötgæðamat hans í góðu meðallagi.
Reynsla sem komin er á Mókoll sem ærföður sýnir aftur á móti að sem slíkur er hann mikill yfirburðagripur eins og faðir hans var. Dæturnar eru með afbrigðum frjósamar og einnig rífandi góðar mjólkurær. Mókollur er því enn í boði en nú fyrst og fremst sem ærfaðir, þar sem aðrir hrútar með betri mórauðan lit hafa fyllt eldra hlutverk hans.
Litaerfðir: Litur Mókolls segir mest nema að til viðbótar er vitað að hann erfir ekki tvílit. Afkvæmi hans geta því borið alla hreina íslenska sauðaliti, sem arfgerð móðurinnar ræður.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2003-56-114-26/3,0-3,0(H)-8,0-8,0-8,5-8,0-8,5-17,5-7,5-8,0-8,5=82,5 stig
2004-98-122-36/7,0/4,0(H)-8,0-8,0-9,0-8,5-8,5-17,5-7,5-8,0-8,0=83,0 stig

Bogi

frá Heydalsá, Steingrímsfirði.
(Ragnari Bragasyni)

Ætt:

- Bogi 04-814
  - Erpur 01-919
    - Óri 98-564
    - 97-286
  - 01-505
    - Páfi 00-657
    - 98-339

FMF og MMF: Þyrill 94-399



	Bogi 04-814	2009
Lambhrútaskoðun	Fjöldi	310
	Þungi	49,9
	Fótleggur	112
	Læri	17,3
	Ull	8,3
	Ómvöðvi	28,9
	Ómfita	2,9
	Lögun	4,0

Lýsing: Svipmikill. Breiðar og vel fylltar herðar. Bringan breið og miklar útlögur. Bakið breitt og sterkt. Malir langar, breiðar og vel vöðvafylltar og lærahold eru feikilega mikil. Sterklegir fætur. Bollangur, jafnvaxinn og mjög sterklegur hrútur.
Ullarlýsing: Hreinhvítur. Þelið er jafnt og þykkt. Togið í grófara lagi, stutt og að mestu horfið á baki. Ullarmagn í meðallagi.
Reynsla: Bogi var fenginn á stöð frá Heydalsá sumarið 2008 og fylgdu honum frækilegar niðurstöður um afkvæmi hans þar heima. Bogi var feikilega mikið notaður síðasta vetur. Sæðingaárangur var frekar slakur en samt kom feikilega stór lambahópur undan honum til skoðunar síðastliðið haust. Þessi hópur staðfestir að hér fer öflugri kollóttur hrútur með tilliti til kjötgæða en áður hefur verið á stöðvunum.
Stór dætrahópur er kominn undan Boga heima á Heydalsá. Frjósemi dætra hans virðist nálægt meðaltali en þær eru ágætlega mjólkurlagnar og margar þegar mæður hrúta vítt um land.
Litaerfðir: Bogi er arfhreinn hvítur.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2004-55-112-29/4,0/4,0(S)-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-8,5-8,0-8,5=84,0 stig

Shrek

frá Kollsá, Hrútafirði.

Ætt:

Shrek 05-817

- Heydal 02-212
  - Baugur 01-743 Heydalsá
  - 97-346 Heydalsá
- 01-129
  - Dalur 97-740 Steinadal
  - 96-038



	Shrek 05-817	2009
LAMBHRÚTASKOÐUN	Fjöldi	82
	Þungi	49,5
	Fótleggur	111
	Læri	17,3
	Ull	8,1
	Ómvöðvi	27,8
	Ómfita	3,2
	Lögun	3,8

Lýsing: Ákaflega breiður og sterklegur haus. Mjög breiðar, kúptar og kjötfylltar herðar og miklar útlögur. Bakið breitt og vel vöðvað. Breiðar og vöðvafylltar malir og þykkur og mikill lærvöðvi. Sterkir og öflugir fætur. Í meðallagi bollangur en mjög breiður og þykkvaxinn hrútur.

Ullarlýsing: Svartar dropur á haus og örlítið gulur á fótum en ekki fundust dökk hár á bol. Ullarmagnið í meðallagi en reyfið misjafnt og togið á aftari hluta skrokksins gróft.

Reynsla: Shrek kom á stöð sumarið 2008. Sérstaklega var horft til ætternis hans sem gaf fyrirheit um öflugan ærföður en hann hafði líka verið að skila mjög góðum sláturlömbum. Hann var talsvert notaður síðasta vetur og drjúgstór lambahópur til skoðunar undan honum. Hópurinn skapaði jákvæða mynd af föður sínum, þroskamikil lömb, aðeins breytileg í gerð, en hópur öflugra hrútsefna og lærahold oftast góð.

Ætterni hans lofar miklu um hann sem ærföður en bein reynsla er enn takmörkuð vegna ungs aldurs dætranna. Ekkert bendir þó til annars en hann muni standa undir væntingum.

Litaerfðir: Shrek er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Týr

frá Melum 1, Árneshreppi.

Ætt:

Týr 06-819

- Kútur 03-937
  - Gormur 99-606 Heydalsá
  - 00-425 Heydalsá
- Þilja 01-513
  - Nagli 98-064
  - Bletta 98-308

FMF: Þyrill 94-399



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Breiður og svipfríður haus. Hálsinn stuttur og sver og herðarnar breiðar. Útlögur prýðilegar. Góð bakhold og vel vöðvafylltar malir. Lærvöðvi breiður og mjög þykkur. Öflug fótstaða. Í meðallagi bollangur hrútur sem samsvarar sér ágætlega.

Ullarlýsing: Hreinhvítur en dökkar dröfnur á haus og eyrum. Engin svört hár í reyfi. Ákaflega ullarmikill með þykkt þel. Hrokkið, meðalfínt og mikið tog.

Reynsla: Týr 06-819 var fenginn frá Melum 1 í Árneshreppi sumarið 2009 vegna mjög jákvæðrar reynslu af afkvæmum hans þar. Að ætterni er rétt að vekja athygli á því að móðurfaðir hans Nagli 98-064 hefur verið ættfaðir margra þeirra úrvalsgripa sem komið hafa frá Melum 1 á síðustu árum.

Hrútahópurinn á Melum frá árinu 2006 er einhver sá einstakasti að gæðum sem sést hefur á einu búi og Týr gaf mjög athyglisverðar niðurstöður í afkvæmarannsóknum heimahrútanna bæði 2007 og 2008. Ómmælingar lambanna hafa að vísu verið um meðaltal, en lömbin mjög vel gerð með mikil lærahold og vænleiki þeirra góður. Það var einn þeirra þátta sem taldi nokkuð við val hans á stöð. Kjötmat sláturlambanna hefur verið feikilega gott sérstaklega um gerð falla. Haustið 2009 var hópur glæsilamba undan honum heima á Melum.

Ekki er enn fengin nein teljandi reynsla um Tý sem ærföður en allstór hópur af veturgömlum dætrum hans á Melum sýndi vorið 2009 frjósemi talsvert umfram jafnöldrur sínar á búinu.

Móðir hans Þrá 01-513 var felld árið 2008. Hún var geld gemlingsárið en ætíð tvílembd eftir það og farsæl afurðaær með 5,3 afurðastig.

Litaerfðir: Týr er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2005-38-111-28/3,8/3,5(S)-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig
2007-88-122-33/4,8/4,0(S)-8,0-8,5-9,0-8,5-8,5-18,5-8,0-8,0-8,5=85,5 stig

Blossi

frá Heydalsá, Steingrímsfirði.
(Ragnari Bragasyni)

Ætt:
Blossi 07-823
Bjarmi 05-767 — 04-622
Bjartur 03-020 — 02-357 — Sjóður 03-021 — 97-300

FFF: Ægir 01-916, FMF: Gormur 99-606, MMF: Þyrill 94-399



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Þróttlegur og svipmikill haus. Góðar útlögur, breitt og vel vöðvafyllt bak. Vöðvafylling á mölum góð sem og læraholdin. Örlítið útskeifur á framfótum en fótstaða annars sterkleg. Jafnvaxinn og fremur bollangur hrútur.
Ullarlýsing: Hreinhvítur. Reyfið þykkt. Ullarmikill með mikið og þykkt þel. Togið stutt en hrokkið og fremur fínt.
Reynsla: Blossi 07-823 var fenginn á stöð haustið 2009 fyrst og fremst á grundvelli niðurstöðu úr afkvæmarannsókninni á Heydalsá fyrir stöðvarnar. Þar atti hann kappi við úrvalshrúta víða úr eystra Vestfjarðahólfinu ásamt hópi fjölmargra heimahrúta. Blossi er fæddur á Heydalsá vorið 2007 og vakti haustið 2008 athygli fyrir góðan afkvæmahóp þó að ekki stæðist hann þá Boga 04-814 og öflugustu hrútunum úr hans ættboga snúning. Munaði þar einkum að hann býr áreiðanlega ekki yfir jafn miklu fituleysi og þeir hrútar. Afkvæmahópurinn undan honum haustið 2009 var ákaflega góður og einkum voru gimbrarnar flestar hrein djásn. Auk afbragðs gerðar var þroski þessara lamba einnig áberandi mikill. Lítill vafi er að hér er enn einn úrvalshrúturinn frá Heydalsá sem lambafaðir.
Vegna aldurs er nær engin reynsla fengin um Blossa sem ærföður en frjósemi veturgömlu ánna undan honum vorið 2009 stóð ekki jafnfætis því er var hjá jafnöldrum þeirra á búinu. BLUP mat hans um þessa eiginleika er þó ákaflega hagstætt. Móðir hans, 04-622, var tvílembd gemlingur, en síðan geld sem tvævetla. Hún hefur síðan tvisvar verið þrílembd, annars tvílembd og verið mikil afurðaær og mörg afkvæmanna sett á. Hún er með 6,3 afurðastig.
Litaerfðir: Blossi er arfhreinn hvítur.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:
2007-54-116-30/4,0/3,5(S)-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=87,0 stig
2008-79-120-28/2,8/3,5(S)-8,0-8,0-8,5-8,0-8,5-17,5-9,0-8,0-8,0=83,5 stig

Skrauti

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.
(Keyptur frá Eiríki Helgasyni, Stykkishólmi)

Ætt:
Skrauti 07-826
Magni 06-730 — 05-523
Ormur 02-933 — 04-415 — Spaði 04-718 — 02-227

FMF: Glæsir 98-876, MFF: Partur 99-914, MMF: Boli 99-874,
FMMF: Klængur 97-839, MMMF: Styrmir 98-852.



Lýsing: Móflekkóttur, kollóttur með sveran og þróttlegan haus. Kúptar herðar og prýðilega holdfylltar. Góðar útlögur. Góð bakhold og prýðisgóð vöðvafylling í mölum og lærum. Fótstaða sterkleg. Vel í meðallagi bollangur og kviðléttur hrútur.
Ullarlýsing: Mórauði liturinn ljós og upplitaður. Reyfið jafnt, mikið þel en sáralítið tog. Ullarmagn í tæpu meðallagi.
Reynsla: Skrauti 07-826 var fenginn til notkunar á stöðvunum sumarið 2009 frá Eiríki Helgasyni í Stykkishólmi og var þar byggt á reynslu sem fengin var um afkvæmi hans. Skrauti er fæddur á Hjarðarfelli en seldur Eiríki sem lamb, en tvílembingsbróðir hans Segull 07-737 hefur verið notaður heima á Hjarðarfelli og reynst vel sem lambafaðir.
Skrauti vakti strax sem lamb athygli á héraðssýningu á Snæfellsnesi haustið 2007. Lambahópurinn hjá Eiríki undan Skrauta þótti síðan það glæsilegur haustið 2008 að hér þótti sýnt að kominn væri hrútur sem ætti skilið víðtæka notkun. Vert er að benda á að hann kemur úr notkun í miklu minni hjörð en gengur og gerist með stöðvarhrúta sem setur vissa annmarka við að meta gæði afkvæma hans. Afkvæmi hans haustið 2009 styrkja hann samt enn í mati.
Móðir Skrauta, 05-523, var einlembd gemlingur en síðan tvílembd. Hún hefur skilað góðum lömbum og er með 5,8 afurðastig.
Litaerfðir: Litur Skrauta sjálfs sýnir að mögulegt á að vera að fá fram alla liti hjá afkvæmum hans leyfi erfðaeðli mæðranna það.
Arfgerðargreining v/riðusmits: Skrauti er þar arfblendinn verndandi.

Mál og stigun:
2007-45-109-26/3,6/4,0(S)-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,3-7,0-8,0-9,0=83,3 stig
2008-89-124-36/6,2/3,5(S)-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-17,0-7,0-8,0-8,5=83,0 stig

Póstur

frá Tunguseli, Langanesi.



FMF: Prestur 94-823

Lýsing: Póstur er móhosóttur að lit með örlítinn hvítan blett í krúnu og fínhyrndur. Hann er fremur nett kind en léttfættur og sýnir mörg bestu einkenni og vitsmuni, sem einkenna úrvals forystufé. Aldursins vegna er hann þó að mestu óreyndur sem slíkur en hann er fæddur árið 2007 í Tunguseli á Langanesi, þar sem er ein af þekktustu hjörðum landsins fyrir ræktun á forystufé. Faðir Pósts var Flótti 02-059 en sá hrútur var dóttursonur Prests 94-823 sem á sínum tíma var fenginn frá Tunguseli, en undan honum er að finna gott forystufé víða um land. Móðir Pósts Lipurtá 98-887 var einnig dóttir Prests og er hann þannig ögn skyldleikaræktaður afkomandi hans, en er aftur á móti orðinn nokkuð fjarskyldur þeim forystuhrútum sem verið hafa á stöðvunum síðustu árin.

Litaerfðir: Undan Pósti geta allir litir komið fram eins og litur hans gefur ótvíræða vísbendingu um.

Arfgerðargreining v/ riðusmits: Hlutlaus.

Hrútaskráin er á www.bssl.is

Búið að velja sæðingahrútana? Þá eru lambamerkin næst á dagskránni ☺

Skosku fjármerkin frá Allflex eru frábær í lömb. 10 ára reynsla hérlendis. Stórt og greinilegt letur á 1-TAG (Adam-merkjunum) hefur notið vinsælda. Allir litir fáanlegir. Afgreiðum einnig ADAMATIC-lambamerkin frá Allflex, 10 merki saman í töng.
Erum að taka niður pantanir, afgreiðslufrestur 4-5 vikur.
Getum einnig útvegað rafræn lambamerki og lesara.

Nánari upplýsinga má afla með tölvupósti á: bitif.sneittf@emax.is
eða í símum 463 3264, 862 5471 og 863 5471
Höfðabændurnir Þorkell M. Pálsson og Ásta F. Flosadóttir

1- Tag **Adamatic**

Til liðs við íslenskan landbúnað

Landsbankinn veitir alhliða þjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Landsbankinn rekur víðtækasta útibúanet meðal íslenskra fjármálafyrirtækja og tryggir þannig íslenskum landbúnaði trausta og persónulega bankaþjónustu. Með ráðgjöf sérhæfðra starfsmanna um land allt veitum við bændum aðstoð við að ná settu marki. Þannig stuðlum við að grósku í landbúnaði á Íslandi.

Hafðu samband við næsta útibú eða í síma 410 4000 og kynntu þér hvað bankinn hefur upp á að bjóða.

LANDSBANKINN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

Hrútar 2009-10, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2009

Hrútur		Lambhrútaskoðun													Ómmæling			Kjötmat BLUP			Afurðir BLUP		
Nafn	nr	Fjöldi	Þungi	Fótl.	Haus	H+h	B+Ú	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Alls	Ómv.	Ómf.	Lögun	Fita	Gerð	Kjötgæði	Mjólkurlagni	Frjósemi	Stöð 2009
Hyrnir	03-958	9	43,9	110	8,0	7,7	8,1	7,8	8,1	16,8	7,8	8,0	8,0	80,3	27,0	3,1	3,9	103	101	102	98	110	Laugard.
Frakksson	03-974	91	49,6	113	8,0	8,2	8,4	8,1	8,4	17,2	8,4	8,0	8,3	83,0	27,4	3,3	3,9	108	117	112	110	106	Laugard.
Mókollur	03-978	35	49,6	112	7,9	8,0	8,2	7,8	8,2	16,9	7,9	8,0	8,3	81,2	26,7	3,1	3,5	107	102	105	111	122	Laugard.
Vorm	03-988	67	47,6	111	8,0	8,1	8,4	8,6	8,5	17,3	7,8	8,0	8,3	83,0	30,1	3,2	4,2	119	122	120	95	111	Borgarnes
Kaldi	03-989	127	47,8	112	8,0	8,0	8,3	8,1	8,4	17,1	7,9	8,0	8,3	82,2	28,1	3,0	3,8	130	93	115	100	135	Laugard.
Smyrill	04-800	97	47,8	111	8,0	8,1	8,3	8,2	8,4	17,2	7,9	8,0	8,2	82,2	27,4	3,3	3,8	117	114	116	101	95	Borgarnes
Ás	04-813	82	48,8	111	8,0	8,1	8,3	7,9	8,3	17,2	8,1	8,0	8,2	82,1	26,2	3,0	3,5	117	110	114	121	108	Borgarnes
Bogi	04-814	310	49,9	112	8,0	8,1	8,3	8,4	8,5	17,3	8,3	8,0	8,4	83,3	28,9	2,9	4,0	141	116	131	110	102	Laugard.
Kjói	04-816	160	48,8	114	8,0	8,1	8,3	8,2	8,3	17,0	8,4	8,0	8,3	82,5	28,1	3,2	3,9	123	111	118	116	94	Borgarnes
Kóngur	04-829																	132	114	125	108	105	Laugard.
Bramli	04-952	100	47,5	110	8,0	8,0	8,3	8,4	8,4	17,2	7,8	8,0	8,4	82,5	29,9	2,6	4,1	139	102	124	104	106	Laugard.
Þróttur	04-991	120	48,0	110	8,0	8,1	8,4	8,3	8,5	17,4	7,8	8,0	8,2	82,8	28,9	2,8	4,0	128	121	125	106	105	Laugard.
Cat	04-992	90	47,7	110	8,0	8,2	8,4	8,4	8,6	17,5	7,6	8,0	8,2	82,9	29,5	3,0	4,2	126	128	127	98	100	Laugard.
Gotti	05-804	182	47,2	110	8,0	8,2	8,4	8,4	8,6	17,5	8,0	8,0	8,3	83,3	28,5	2,8	4,1	130	119	126	100	102	Borgarnes
Ylur	05-805	184	47,4	111	8,0	8,1	8,4	8,3	8,4	17,2	8,0	8,0	8,2	82,7	29,3	3,2	4,0	123	117	121	111	96	Laugard.
Shrek	05-817	82	49,5	111	8,0	8,1	8,3	8,1	8,5	17,3	8,1	8,0	8,2	82,6	27,8	3,2	3,8	112	118	114	117	103	Laugard.
Undri	05-818	76	49,1	112	8,0	8,2	8,3	8,2	8,4	17,2	8,4	8,0	8,3	82,9	27,3	3,1	3,8	125	109	119	108	100	Borgarnes
Tengill	05-830																	123	145	132	94	97	Borgarnes
Kveikur	05-965	437	49,0	111	8,0	8,2	8,5	8,5	8,6	17,4	7,8	8,0	8,3	83,2	29,9	2,5	4,2	138	118	130	113	106	Laugard.
Raftur	05-966	345	47,1	108	8,0	8,2	8,4	8,6	8,6	17,6	7,8	8,0	8,3	83,5	29,6	2,5	4,2	142	122	134	106	112	Borgarnes
Hvellur	05-969	113	48,8	111	8,0	8,1	8,5	8,4	8,6	17,3	8,0	8,0	8,3	83,2	29,7	3,1	4,1	124	113	120	112	96	Borgarnes
At	06-806	244	45,6	108	7,9	8,1	8,4	8,4	8,5	17,5	7,9	8,0	8,2	82,9	28,8	2,9	4,0	117	139	126	98	110	Borgarnes
Púki	06-807	403	49,0	112	8,0	8,1	8,5	8,2	8,5	17,3	7,7	8,0	8,3	82,6	28,6	3,0	3,9	115	119	117	111	114	Laugard.
Týr	06-819																	104	131	115	96	105	Laugard.
Vöðvi	06-820																	124	112	119	100	106	Borgarnes
Bolli	06-821																	133	109	123	109	111	Borgarnes
Neisti	06-822																	127	116	123	106	104	Borgarnes
Stáli	06-831																	141	130	137	102	100	Laugard.
Mundi	06-832																	113	126	118	104	110	Borgarnes
Grábotni	06-833																	120	139	128	102	106	Borgarnes
Fálki	06-834																	119	142	128	103	102	Laugard.

Hrútar 2009-10, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2009

Hrútur		Lambhrútaskoðun													Ómmæling			Kjötmat BLUP			Afurðir BLUP		
Nafn	nr	Fjöldi	Þungi	Fótl.	Haus	H+h	B+Ú	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Alls	Ómv.	Ómf.	Lögun	Fita	Gerð	Kjötgæði	Mjólkurlagni	Frjósemi	Stöð 2009
Bifur	06-994	89	45,5	110	8,0	8,3	8,5	8,7	8,7	17,5	7,7	8,0	8,2	83,5	30,2	3,3	4,2	110	115	112	96	110	Borgarnes
Fannar	07-808	222	46,4	110	8,0	8,3	8,5	8,6	8,6	17,4	7,9	8,0	8,2	83,6	31,2	3,1	4,3	105	125	113	105	101	Laugard.
Dökkvi	07-809	157	45,5	110	8,0	8,2	8,4	8,5	8,5	17,2	7,8	8,0	8,2	82,8	30,5	3,1	4,3	110	120	114	102	105	Laugard.
Freyðir	07-810	135	46,4	110	8,0	8,2	8,4	8,6	8,6	17,4	7,9	8,0	8,3	83,3	29,5	3,0	4,2	125	118	122	105	103	Borgarnes
Prjónn	07-812	370	47,5	108	8,0	8,2	8,5	8,4	8,6	17,5	7,8	8,0	8,2	83,1	29,3	2,8	4,2	118	122	120	110	105	Laugard.
Blossi	07-823																	111	113	112	108	111	Laugard.
Broddi	07-824																	90	144	112	92	99	Borgarnes
Logi	07-825																	111	114	112	109	101	Borgarnes
Skrauti	07-826																	122	112	118	111	98	Laugard.
Sokki	07-835																	97	144	116	108	108	Laugard.
Hrói	07-836																	132	108	122	107	108	Borgarnes
Hriflon	07-837																	142	124	135	112	110	Laugard.
Borði	08-838																				108	104	Laugard.
Hólmi	08-839																				104	95	Laugard.
Kjarkur	08-840																				108	108	Borgarnes

Fallnir hrútar 2008-09 - ástæður

Fengur	02-973	Felldur, fullnotaður, óhæfur sæðisgjafi	Kóngsson	04-982	Felldur, óhæfur sæðisgjafi
Lundi	03-945	Drapst v/innvortis blæðinga	Örvar	04-983	Drapst úr vatnssótt
Gráni	03-957	Felldur v/lærbrots	Jón Páll	04-990	Felldur, fullnotaður
Máni	03-975	Felldur v/bógstirðnunar	Foss	05-801	Felldur v/erfðagalla
Spakur	03-976	Felldur, fullnotaður	Garður	05-802	Drapst afvelta
Falur	03-980	Felldur v/liðastirðnunar	Krókur	05-803	Drapst úr meltingartruflunum
Eldur	03-981	Felldur, fullnotaður	Blettur	05-967	Felldur, fullnotaður
Geri	03-986	Felldur, endurnýjun	Olli	06-985	Felldur, fullnotðaur
Garpur	04-815	Drapst afvelta	Bjálki	06-995	Felldur v/þvagfærasýkingar
Bobbi	04-962	Felldur, fullnotaður	Þráður	06-996	Drapst v/barkabólgu
Papi	04-964	Felldur v/dóms um mjólkurlagni dætra	Dropi	06-998	Felldur, fullnotaður
Loftur	04-970	Felldur, endurnýjun	Mjöður	07-811	Drapst, blóðeitrun

Traust og góð þjónusta

Hjá SAH Afurðum ehf. er lögð áhersla á
trausta og góða þjónustu við slátrun
sauðfjár, hrossa, folalda, nautgripa og svína

Getum bætt við okkur slátrun í öllum tegundum

Þökkum farsæl viðskipti

NYPRENT ehf

SAH Afurðir ehf.

Húnabraut 39 540 Blönduós
Sími 455 2200 Fax 455 2201
Netfang sah@sahun.is www.sahun.is

Bændasamtök Íslands

FJARVIS.IS

Veflægt skýrsluhaldskerfi í sauðfjárrækt

FJARVIS.IS er netforrit fyrir sauðfjárbændur og ráðunauta. Aðgangur er ókeypis.
Sami aðgangur gildir að öllum netforritum Bændasamtaka Íslands.
Í dag eru 655 sauðfjárbændur í netskilum í gegnum FJARVIS.IS.

Í FJARVIS.IS er unnt að færa skýrsluhald í sauðfjárrækt og ganga frá upplýsingum að vori og hausti til uppgjörs beint í kerfinu. Notendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af gagnaflutningi fram og til baka, eða afritunartöku, þar sem alltaf er unnið á miðlægum gagnagrunni sem hýstur er hjá Skýrr hf.

Í FJARVIS.IS er m.a. unnt að skoða upplýsingar um:
- alla gripi sem skráðir eru á búið
- kynbótamat
- ættartré
- æviferil áa
- sláturgögn sem berast rafrænt frá sláturhúsum
- afkvæmarannsóknir
- frjósemis- og sláturyfirlit

Þeir sem hyggjast skila inn gögnum í gegnum FJARVIS.IS þurfa að sækja um það til viðkomandi búnaðarsambands eða Bændasamtakanna.

Nánari upplýsingar: Tölvudeild Bændasamtaka Íslands, Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík, netfang: tolvudeild@bondi.is og sími 563-0300.

Sauðfjársæðingar

Þorsteinn Ólafsson

Inngangur

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ. e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 30-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ánna.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir mínar fyrir nokkrum árum sýndu að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar var á stærstu fjárbúunum og þar sem aðeins voru fáar ær. Ég dreg þá ályktun af því að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri í sæðingunum

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum mæli ég með eftirfarandi aðferð.

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-7 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu.

Samstillingar

Margir velja þann kost að samstilla gangmál ánna sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstilla ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga.

Vinnulagsreglur

Sæðingar: Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos 30 - 36 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi:
Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.
Leitað kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.
Samstilling: Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:
Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

Samstillt og sætt á öðru gangmáli. Svampur hafður í í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi:
Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv.
Leitað 15. des. kl. 8.
Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 ánna að ganga.

Verslanir FB

Reykjavík • Selfoss • Egilsstaðir • Hvolsvöllur

- *fyrir bóndann*
- *fyrir búskapinn*

Úrval af rekstrarvörum

FÓÐURBLANDAN

- gæði í hverri gjöf

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Sauðfjárbændur

**Framleiðum Kraftblöndu og Loðnuköggla fyrir sauðfé.
Efnasamsetning er reglulega endurskoðuð
af ráðunautum.**

Bústólpi ehf. Sími 460 3350 www.bustolpi.is

Bækurnar
Byggðir Borgarfjarðar

**Til sölu eru bækurnar Byggðir Borgarfjarðar I-IV bindi.
Ábúendatal, byggðalýsing, myndir af býlum og ábúendum í
Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ásamt búnaðarsögu héraðsins.**

Tilvaldar afmælis- eða jólagjafir

Öll 4 bindin	kr. 5.000
Stakar bækur	kr. 1.500 stk.

SENDUM Í PÓSTKRÖFU
Pantanasími 437 1215 eða netfang heh@bondi.is

Búnaðarsamtök Vesturlands
Hvanneyrargötu 3. Hvanneyri Sími 437 1215

Os Husdyrmerkefabrikk a/s

Sauðfjármerki

Merki í ásetningsfé: Combi 2000 Mini
Frá Os Husdyremerkefabrikk a/s
Merkin eru viðurkennd af Matvælastofnun til notkunar í ásetningsfé og eru greidd að fullu af Framkvæmdanefnd búvörusamninga.

Vinsamlega pantið merki í ásetningsfé á www.bufe.is (MARK), hjá Plastiðjunni Bjargi, Bændasamtökum Íslands eða búnaðarsamböndum/leiðbeiningamiðstöðvum.

COMBIE

Hægt að panta CombiE 23 örmerki á www.bufe.is.
Þau eru viðurkennd af Matvælastofnun til notkunar í ásetningsfé og lömb.

Lambamerki

Bjargsmerki
Lambamerkin góðkunnu eru viðurkennd af Matvælastofnun til notkunar í lömb.
Veittur er 10% afsláttur ef pantað er fyrir 15. febrúar og pöntuð eru 100 merki eða fleiri í röð.

Micro merki
Lambamerki frá
Os Husdyremerkefabrikk a/s, sett í með töng.
Veittur er 10% afsláttur ef pantað er fyrir 15. febrúar.
Lágmarkspöntun er 30 merki.
Frí töng fylgir með þegar pöntuð eru a.m.k. 150 merki í fyrsta sinn.

Vinsamlega sendið pantanir á lambamerkjum til:
pbi@akureyri.is eða í fax: 461 2995.
Eigum til tangir, nálar í tangir og merkipenna.

PLASTIÐJAN BJARG
IÐJULUNDUR

Furuvöllum 1 - 600 Akureyri - Sími 461 4606
http://plastidjan.hlutverk.is

Til minnis

ALLIR UNDIR SAMA ÞAKI

JÖTUNN VÉLAR ehf. STEELBUILDING Ísland Remfló ehf.

Jötunn Vélar, Steelbuilding og Remfló eru nú öll staðsett að Austurvegi 69, Selfossi. Við minnum á nýjan samræmdan opnunartíma, mánudaga til fimmtudaga 8:00 – 17:00 og föstudaga 8:00 – 16:00.

Dráttarvélar, jarð- og heyvinnuvélar

Byggingar, vinnuskúrar

Innréttingar, rekstrarvörur

Allt fyrir bændur á einum stað

JÖTUNN VÉLAR ehf.
Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108
jotunn@jotunn.is - www.jotunn.is

STEELBUILDING Ísland
Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108
sbi@sbi.is - www.sbi.is

Remfló ehf.
Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 1615 - Fax: 482 4108
sala@remflo.is - www.remflo.is

Í 100 ÁR HEFUR MIKILVÆGASTI HLUTI FRAMLEIÐSLU SS FARIÐ FRAM UNDIR BERUM HIMNI

Uppistaðan í hráefninu sem SS notar í matvælaframleiðslu sína er upprunnin í hreinni náttúru Íslands. Frá stofnun fyrirtækisins 28. janúar árið 1907 hefur það verið í fararbroddi á sviði matvælaframleiðslu.

SS er félag í eigu bænda og þakkar öllum framleiðendum fyrir göfugt ræktunarstarf á liðnum árum.

SS fremstir fyrir bragðið

Fíton FI008830